

# SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 – 2024

## BREYTING

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024 og umhverfisskýrslu. Sveitarstjórnir allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að skipulagstillögunni hafa samþykkt hana til auglýsingar, en sveitarfélögin eru þessi:

Grýtubakkahreppur	Hörgársveit
Svalbarðsstrandarhreppur	Dalvíkurbyggð
Akureyri	Fjallabyggð
Eyjafjarðarsveit	

Breytingin á við endurskoðaða stefnu um flutningslínur raforku um skipulagssvæðið. Meginmarkmið eru óbreytt en sett eru eftirtalin undirmarkmið:

- Í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga skal gera ráð fyrir Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3.
- Hólasandslína 3, ný flutningslína með 220 kV spennu eða hærri, mun liggja frá Akureyri austur yfir Hólmana í Eyjafirði og yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal.
- Lega og útfærsla Blöndulínu 3, nýrrar flutningslínu með 220 kV spennu eða hærri milli Blöndustöðvar og Akureyrar, verður byggð á valkostagreiðingu og umhverfismati sem framkvæmdaaðili (Landsnet) mun vinna í samráði við heimamenn, landeigendur og sveitarstjórnir. Lega og útfærsla verður ekki skilgreind nánar í svæðisskipulagi Eyjafjarðar heldur í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.
- Tekið skal mið af þingsályktunum um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sem samþykktar voru á Alþingi 28. maí 2015 (nr. 11/144) og 11. júní 2018 (nr. 26/248).
- Vegna nálægðar við þéttbýli á Akureyri, línuleiðar um Hólma Eyjafjarðarar, sem eru á náttúruminjaskrá, og nálægðar við Akureyrarflugvöll skal gera ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði lögð sem jarðstengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit.
- Nýta skal þá möguleika sem kostur er á m.t.t. tæknilegra og efnahagslegra forsendna til þess að leggja hluta Blöndulínu 3 sem jarðsteng t.d. vegna þrengsla við núverandi byggð og býli og/eda vegna skilgreindrar náttúruverndar þar sem það á við.
- Til þess að tryggja hámarksöryggi við Akureyrarflugvöll skal Kröfúlína 1 (núverandi 132 kV loftlína) lögð í jörð sunnan flugvallarins á skipulagstímabilinu og Laxárlína (66 kV loftlína) lögð af þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun.
- Til mótvægis við nýjar flutningslínur skal áfram unnið að breytingum á núverandi flutningslínunum og dreifikerfi raforku, m.a. með því að leggja línur í jörð.

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir umhverfismati breytingarinnar.

Skipulagstillagan, sem auglýst er með vísan í 27. gr. og 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006, mun liggja frammi á skrifstofum fyrrnefndra sveitarfélaga og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá og með 22. janúar 2020 til og með 6. mars 2020.

Á sama tíma verður tillagan einnig aðgengileg á vef Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, [www.afe.is](http://www.afe.is)

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna áður en athugasemdafresturinn rennur út, eða eigi síðar en **6. mars 2020**.

Athugasemdum skal skila skriflega til:

Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar  
Hafnarstræti 91  
600 Akureyri

eða á netfangið [afe@afe.is](mailto:afe@afe.is). Fram komi nafn, kennitala og heimilisfang sendanda.

Grenivík 22. janúar 2020,  
Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar